

## AUGLÝSING

### um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

#### *Hagasmári 9. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 23. janúar 2024 breytingu á deiliskipulaginu Smárin vestan Reykjanesbrautar fyrir lóðina nr. 9 við Hagasmára. Í breytingunni felst að nýjum byggingarreit, 2,5 m x 4 m að stærð, samtals 10 m<sup>2</sup> að flatarmáli fyrir spennistöð og tæknirými fyrir rafhleðslustöð er komið fyrir á suðurhluta lóðarinnar. Einnig er hjólastæðum komið fyrir á lóðinni í samræmi við hjólastæðaviðmið í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Dalvegur 20. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 23. janúar 2024 breytingu á deiliskipulagi Dalvegur 20-28 fyrir lóðina nr. 20 við Dalveg. Í breytingunni felst að nýjum byggingarreit, 3 m x 8 m að stærð, samtals 24 m<sup>2</sup> að flatarmáli fyrir spennistöð og tæknirými fyrir rafhleðslustöð er komið fyrir á norðvesturhluta lóðarinnar. Einnig er hjólastæðum komið fyrir á lóðinni í samræmi við hjólastæðaviðmið í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 21. febrúar 2024.*

**Auður Dagný Kristinsdóttir** skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 6. mars 2024